

Stutt samantekt um skyldur sveitarfélaga, atvinnulífsins og úrræði heilbrigðiseftirlits er lúta að númerslausum bílum, úrgangi og lóðahreinsunum.

Skyldur sveitarfélaga

Í II.kafla reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs segir:

„Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.“

„Sveitarstjórn ber að sjá til þess að tiltækur sé farvegur fyrir allan úrgang, sbr. 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum innan sveitarfélagsins.“

Móttökustöðvar eru starfsleyfisskyldar skv. 72. tl., sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Móttökustöð er skilgreind í lögum nr. 55/2003 sem staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla förgunarstaðir. Söfnun telst vera meðhöndlun og er því starfsleyfisskyld.

Rekstraraðilum er skylt að flokka rekstrarúrgang og koma honum í endurnýtingu hjá aðilum sem til þess hafa starfsleyfi. Rekstraraðilum er óheimilt að losa úrgang annars staðar en á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð, eða í sorpílát, sjá 9. gr. reglugerðar nr. 803/2023.

Í 4.gr. reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja segir:

„Sveitarstjórn skal tryggja aðgang að söfnunar- eða móttökustöð fyrir úr sér gengin ökutæki sem falla til í sveitarfélaginu.“

Í viðauka sömu reglugerðar er fjallað um lágmarkskröfur um úrvinnslu

Viðauki 1

Lágmarkskröfur um úrvinnslu úr sér genginna ökutækja.

1. Geymslustaðir eða tímabundin geymsla úr sér genginna ökutækja áður en úrvinnsla á sér stað annars staðar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. Svæði geymslustaðar skal vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.
 - b. Stæði skulu steyppt eða malbikuð og afrennsli tengt olíuskilju og/eða handfangi.
2. Aðilar með starfsleyfi fyrir úrvinnslu úr sér genginna ökutækja, svo sem móttökustöðvar, söfnunarstöðvar og bílapartasalar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. Svæðið þar sem starfsemin fer fram skal vera með ógegndræpu yfirborði, malbikuðu eða steypptu, og afrennsli tengt olíuskilju og/eða sandfangi. Það skal einnig vera afgirt og læst utan afgreiðslutíma.

Skyldur atvinnulífs

Atvinnurekstur, einstaklingar, fyrirtæki og tryggingarfélög hafa stundað það að losa sig við vélahluti og bíla og annan járnaúrgang til aðila sem ekki hafa til þess starfsleyfi fyrir viðkomandi starfsemi. Í nýjum lögum um meðferð úrgangs og reglugerð um meðferð úrgangs nr.803/2023 er ákvæði um að ábyrgð fellur ekki niður þó úrgangur sé fluttur út í sveit.

Í 9.gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs segir:

*„Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða á grenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. **Skyldur framleiðanda úrgangs eða handhafa úrgangs til að endurnýta eða farga úrgangi falla að jafnaði ekki niður þó úrgangur hafi verið fluttur til opinberra aðila eða einkaaðila.**“*

Úrræði eftirlitsins

Í 14.gr. reglugerðar nr.803/2023 um meðhöndlun úrgangs segir um almennan þrifnað utanhúss

“ Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni. Í því skyni er heilbrigðisnefnd heimilt að:

- a. *krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið,*
- b. *fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu,*
- c. *láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, og*

d. hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.

Sveitarstjórn skal sjá um að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t.d. görðum og torgum.”

Hreinir Vestfirðir

Hreinsun á lóðum og lendum, númerslausir bílar

Ósk Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis um að koma á fót verkefninu Hreinir Vestfirðir hefur verið send til sveitarfélaga á Vestfjörðum á undanförunum árum en hefur ekki enn fengið fjármögnun til að hægt sé að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Undanfarin 30 ár hefur heilbrigðiseftirlitið límt á bifreiðar að ósk einstakra sveitarfélaga og reikningur sendur viðkomandi sveitarfélagi og sveitarfélagið síðan séð um framkvæmd. Að fresti liðnum tekur eftirlitið stjórnvaldsákvörðun um að fjarlægja viðkomandi bifreið. Framkvæmdin þ.e. að fjarlægja bifreið og geyma í tilskilinn tíma hefur verið framseld til sveitarfélaga. Oft hefur eftirfylgni ekki verið sinnt. Þar sem um er að ræða vörslusviptingu þá þarf að vanda stjórnsýslu þessara verkefna. Á síðustu árum hefur þetta verklag fengið athugasemdir í gegnum úrskurðarnefnd og umboðsmann Alþingis. Stjórnsýsluferillinn við þessi verkefni hefur því lengst töluvert og utanumhald aukist. Tvö eftirlitssvæði hafa farið þá leið að ráða fulltrúa sem sinnir eingöngu umhverfiseftirliti, lóðahreinsunum og númerslausum bifreiðum.

Gert er ráð fyrir að verkefnið Hreinir Vestfirðir sé **kostað af sveitarfélögum**. Annar kostnaður t.d. flutningur á bílhræjum eða hreinsanir á lóðum er gert ráð fyrir að eigendur borgi. Þar sem um lóðahreinsanir er að ræða er lögveðsréttur í viðkomandi lóð eða fasteign, varðandi númerslausar bifreiðar þá er á Suðurnesjum sendur reikningur á síðasta skráða eiganda fyrir kostnaði við geymslu og að fjarlægja ökutækið.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er með skráðan verkferil varðandi númerslausar bifreiðar og lóðahreinsanir sem staðist hafa álit úrskurðarnefndar. Eigendur sem sinna ekki álímingum eru látnir greiða kostnað við að fjarlægja hlut eða bifreið.

Verkferill varðandi lóðahreinsanir er enn lengri og krefst bréfaskrifta og mikils utanumhalds. Lagaheimildir til handa heilbrigðiseftirliti eru fyrir hendi fyrir lóðahreinsunum og að fjarlægja númerslausar bifreiðar. Þessi verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru heimildarákvæði meðan önnur verkefni eru lögbundin og njóta því forgangs.

Heilbrigðiseftirlitið með núverandi mannskap hefur ekki tíma til umráða til að sinna þessum verkefnum til viðbótar öðrum verkum. Tvö heilbrigðiseftirlitssvæði hafa farið af stað með sérverkefni varðandi númerslausar bifreiðar og lóðahreinsanir, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, þar sem heilbrigðiseftirlitin hafa ráðið inn starfsmann í þetta verkefni. Hægt er að nálgast kynningarefni frá þessum svæðum á heimasíðum þeirra.

Verkefnið Hreinir Vestfirðir er ætlað að nýta þekkingu og reynslu frá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum í sambærilegt verkefni á Vestfjörðum